

1922

Fimmtudaginn 26. nóvember 1992.

Nr. 29/1991. **Páll Björnsson**

gegn

Þrotabúi Láka hf.

og Þrotabúi Einarssonar.

Vinnusamningar. Sjómenn. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Haraldur Henrysson

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. janúar 1991. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndu verði gert að greiða sér 1.084.761 krónu ásamt dráttarvöxtum og málskostnaði. Þá krefst hann viðurkenningar á sjóveðsrétti í váttryggingarfé hjá Sam-ábyrgð Íslands á fiskiskipum vegna m/s Guðmundar B. Þorlákssonar, ÍS-62.

Með dómi Hæstaréttar 13. mars sl. var kröfu stefndu um heimild til að halda uppi vörnum í máli þessu hafnað.

Áfrýjandi hefur lagt fram ýtarlega greinargerð, en um málið fer að ákvæðum 1. mgr. 40. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Áfrýjandi og Einar Jónsson stofnuðu útgerðarfélagið Láka hf. ásamt eiginkonum sínum og venslaliði. Fram er komið, að áfrýjandi fór með framkvæmdastjórn félagsins, en Einar Jónsson hvarf frá störfum fyrir það. Samkvæmt 3. mgr. 52. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög bar honum að sjá um, að bókhald félagsins væri fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins væri með tryggilegum hætti. Staðfesta ber það álit héraðsdóms, að nægjanlega sé fram komið, að á hvor tveggja þessi atriði hafi skort hjá honum og að hann hafi því ekki sýnt fram á, að hann eigi ógoldin laun hjá hlutafélaginu. Ber þegar af þessari ástæðu að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Málskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Dómur aukadómpings Ísafjarðarsýslu 15. nóvember 1990.

Mál þetta, sem var dómtekið 8. október 1990, hefur Páll Björnsson skipstjóri, Brekkugötu 31, Þingeyri, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 1. júní 1988, á hendur þrotabúi Láka hf., Mýrahreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu, og þrotabúi Einars Jónssonar útvegsbónda, sama stað, til að þrotabúi hlutafélagsins verði dæmt til að greiða sér 1.084.761 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum, og málskostnað].

— — —

Á hendur þrotabúi Einars er þess krafist, að viðurkenndur verði sjóveðsréttur stefnanda í m/b Guðmundi B. Þorlákssyni, ÍS-62, eign stefnda Einars Jónssonar, fyrir tildæmdri fjárhæð.

Af hálfu stefndu hefur verið krafist sýknu og málskostnaðar.

Upphaflega var sótt þing af hálfu stefndu og skilað greinargerð. Hinn reglulegi héraðsdómari, sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu, vék sæti í málinu 7. mars 1990. Setudómari var skipaður 3. apríl 1990. Þrotabúi Láka hf. höfðaði gagnsök með stefnu, birtri 20. júní 1990, til greiðslu bóta, að fjárhæð 2.437.117 kr., vegna hráefnis, sem varnaraðilar telja hafa verið selt, án þess að andvirði þess kæmi til skila, og vegna aflamissis, sem hafi leitt af því, að starfsmenn félagsins unnu að verkun undanskotins afla í vinnutíma. Sýslumaður vék sæti í gagnsakarmálinu 25. júlí sl., og setudómari var skipaður 8. ágúst. Gagnsök var sameinuð aðalsök 10. september. Hinn 8. október féll niður þingsókn af hálfu gagnstefnanda, og var þá gagnsök hafin, en aðalsök dómtekin. Málið er því dæmt eftir fram komnum skjölum og skilríkjum, sókn sækjanda og því, sem fram hefur komið af hálfu hinna stefndu. Engin greinargerð var komin fram af hálfu aðalstefnanda í gagnsök, þegar hún var hafin.

Láki hf. gerði út m/b Guðmund B. Þorláksson, eign Einars Jónssonar, frá upphafi árs 1987 og fram á árið 1988. Stefnandi var skipstjóri á bátnum frá upphafi til 15. febrúar 1988. Hann krefst eftirstöðva júlíuppgjörs 1987, launa fyrir tímabilið frá ágúst 1987 til janúar 1988, aflahlutar og orlofs og þriggja mánaða launa í uppsagnarfresti. Eftir að málið var höfðað, hafa stefndu orðið gjaldþrota, skipið verið selt og það síðan farist. Það var tryggt hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Sjóveð hefur færst yfir á váttryggingarverð skipsins.

Í gagnstefnu kemur fram, að Páll og Einar hafi stofnað félagið 30. desember 1985 ásamt skylduliði sínu, báðir hafi haft prókúru, en Einar verið stjórnarformaður. Einar hætti fljótlega vinnu við útgerðina. Stefnandi var í reynd framkvæmdastjóri félagsins með prókúruumboði og átti að annast bókhald félagsins fyrir árin 1987 og 1988. Varnaraðilar halda því fram, að stefnandi hafi vanrækt bókhaldið; bókhaldsgögn, sem hann hafi lagt

fram í málinu, telja varnaraðilar ófullnægjandi og tortryggileg. Þeir hafa árangurslaust skorað á stefnanda að leggja fram bókhald og ársreikninga félagsins og halda því fram, að krafa hans sé greidd og að stjórn hans á félaginu hafi verið afleit. Sérstaklega er því haldið fram, að stefnandi eigi ekki rétt á launum í uppsagnarfresti, sökum þess að hann hafi fyrir-gert þeim rétti með stjórn sinni á bátnum og félaginu, auk þess sem hon-um hafi, að eigin sögn, verið kunnugt um uppsögn sína um áramótin 1987/88.

Í árslok 1987 var reksturinn kominn á heljarþröm. Einn af viðskipta-mönnum félagsins, Jón H. Oddsson fiskverkandi á Gerðhömrum, faðir Einars, gerði upp við skipverja, aðra en stefnanda. Hinn 28. júní 1988 kærði Jón stefnanda fyrir undanskot afla og fór fram á lögreglurannsókn af því tilefni. Niðurstaða þeirrar rannsóknar var með þeim hætti, að telja verður sannað, að hluti aflans hafi, að ákvörðun stefnanda, aldrei verið veginn og að skipverjar hafi verkað óveginna afla sjálfir og að hluti þessa afla hafi farið til eigin neyslu, en hluti verið seldur verslunum og öðrum, en andvirðið runnið til stefnanda og annarra skipverja, þar á meðal sonar stefnanda. Stefnandi hefur komið ófullkomnum bókhaldsgögnum til endur-skoðanda, sem fært hefur reikninga eftir þeim, en ekki verður sagt, að stefnandi hafi skilað af sér löglegu bókhaldi eða ársreikningum, hæfum til endurskoðunar og samþykktum á aðalfundi. Stefnandi hefur haldið því fram, að andvirði óvegins fisks hafi verið ráðstafað upp í launagreiðslur og að til þess hafi verið tekið tillit, þegar gert var upp við skipverja. Af bókhaldsgögnum, sem komið hafa fram í málinu, verður ekki séð, að svo hafi verið, og ekki verður heldur séð af kröfugerð stefnanda, að frádráttur sé gerður vegna þessa, enda virðast viðskipti með óveginna fisk ekki hafa komið til færslu í bókhaldi. Ekki er hægt að ákveða eftir málsgögnum, hversu umfangsmikil þessi viðskipti hafa verið, en í lögregluskýrslu er haft eftir vigtarmanni, að ekki sé ósennilegt, að magn óvegins afla hafi skipt tugum tonna. Þá vekur það athygli, að samkvæmt aflaskýrslum er engin lúða í aflanum og engin ýsa árið 1988, en upplýst er, að bæði lúða og ýsa voru seldar fram hjá vigt. Félagið keypti veiðarfæri fyrir 40.000 kr. 7. febrúar 1986. Varnaraðilar staðhæfa, að veiðarfæri þessi hafi ekki fylgt, þegar skipstjórn stefnanda lauk.

Ljóst er, að ofangreindar ráðstafanir hefur stefnandi gert án heimildar stjórnar eða aðalfundar. Stefnanda bar skylda til að færa eða láta færa bókhald félagsins og ársreikninga þannig, að aðalfundur gæti tekið afstöðu til þeirra og að hægt væri að ganga úr skugga um réttmæti krafna hans. Samkvæmt 47. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 þykir stefnandi ekki eiga rétt til launa í uppsagnarfresti. Að öðru leyti þykir stefnandi, sem öll gögn hafði í höndum til uppgjörs á viðskiptum aðila, ekki hafa sýnt fram á, að hann

eigi fé inni í búi útgerðarfélagsins, og þykir því bera að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Steingrímur Gautur Kristjánsson setudómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna umfangs málsins og embættis-anna dómarans.

D ó m s o r ð:

Stefndu, þrotabú Láka hf. og þrotabú Einars Jónssonar, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Páls Björnssonar.
